

From: [Ragnildur Sveinbjarnardóttir](#)
To: [Markaðsstofa Suðurlands](#)
Subject: Framboð til stjórnar og aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands 2025
Date: föstudagur, 11. apríl 2025 12:31:31
Attachments: [image001.png](#)
[image002.png](#)
[image004.png](#)

Ágætu samstarfsaðilar

Aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands fer fram **föstudaginn 13. maí nk. á Hótel Geysi**.

Eftir venjuleg aðalfundarstörf og vinnustofu förum við í stutta kynningarferð um nærsvæðið og njótum svo samverunnar á árhátíð um kvöldið. [Nánari upplýsingar um dagskrá dagsins má finna hér.](#)

Samkvæmt samþykktum Markaðsstofunnar mun aðalfundur, skipaður fulltrúum samstarfsfyrirtækja stofunnar, **kjósa 2 fulltrúa í stjórn Markaðsstofunnar** fyrir komandi starfsár og sitja þar fyrir hönd Ferðamálasamtaka Suðurlands.

Við auglýsum því hér með eftir framboðum til stjórnar Markaðsstofunnar fyrir starfsárið 2025/2026. Framboðsfrestur rennur út viku fyrir aðalfund, eða föstudaginn 9. maí nk.

Núverandi fulltrúar Ferðamálasamtaka Suðurlands í stjórn:

Aðalmenn:

Guðmundur Fannar Vigfússon, Laugarvatn Fontana, formaður stjórnar
Sveinn Hreiðar Jensson, Hótel Klaustur

Varamenn:

Ársæll Hauksson, Southcoast Adventure

Katrín Björk Eyjólfsdóttir, South Centre

Báðir aðalmennirnir, Guðmundur Fannar og Sveinn Hreiðar, gefa áfram kost á sér en Katrín Björk hefur óskað eftir að hætta sem varamaður þar sem starfsemi fyrirtækisins hefur verið hætt.

Við hvetjum fulltrúa ferðabjónustunnar á Suðurlandi að gefa kost á sér til stjórnarstarfa og hafa þannig áhrif á þróun og kynningu á áfangastaðnum okkar.

Tekið skal fram að stjórnarseta er greidd.

Til að senda inn framboð eða fá nánari upplýsingar endilega hafið samband við mig -

ragnildur@south.is eða í síma 867-9689

Með bestu kveðju | Best regards

Ragnildur Sveinbjarnardóttir

Framkvæmdastjóri | Managing Director

Markaðsstofa Suðurlands | Visit South Iceland

Fjölheimar, Tryggvagata 13, 800 Selfoss

+354 560 2050 | ragnildur@south.is

www.south.is



**Markaðsstofa
Suðurlands**
Visit South Iceland

